



Fundur í Fræðslunefnd

28. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, þriðjudaginn 4. apríl 2017 og hófst kl 15.

Mætt voru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Sigríður Harpa Jóhannesdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Hjördís Matthilde Henriksen og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Leikskólinn Barnaból

- Starfsáætlun 2016-2017. rætt um hversu vel áætlanir hafa staðist og hverju þarf að breyta fyrir næsta ár. Lögð fram til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.
- Lykiltölur í skólastarfi lagðar fram og kynntar fyrir fundarmönnum.
- Skóladagatal lagt fram til kynningar
- Skólanámskrá 2017-2018 lögð fram til kynningar
- Skýrsla skólastjóra

Halda á áfram með innleiðingu Leikur að læra og fara á námskeið til Reykjavíkur í október.

Tveir sameiginlegir starfsdagar verða með Grunnskólanum á Þórshöfn, 8.september og 15.janúar.

Frá síðasta fundi hefur margt skemmtilegt verið á dagskrá hjá leikskólanum t.d. þorrablót, pabbakaffi, mömmukaffi, fjölmeningarvika, blár dagur og vasaljósadagur.

Aðlögun skólahóps í grunnskólann hefur verið í gangi og verður formleg innritun í maí.

Starfsfólk fór í heimsókn í Öxarfjörð 17.mars.

Niðurstöður skólapúlsins – starfsmannakönnun.

EFLA – kom og gerði úttekt á húsnæði leikskólans.

2. Slökkviliðsstjóri kom og skoðaði brunamál og kom það ekki vel út. Tímasett verkáætlun á vera tilbúin eigi síðar en 15.maí. Slökkviliðsstjóri getur krafist dagssekta eða lokunar ef ekki verður brugðist við.

3. Grunnskólinn á Bakkafirði

María boðaði forföll vegna veðurs en sendi lykiltölur til kynningar.

Lykiltölur í skólastarfi

Skýrsla skólastjóra – frestað til næsta fundar.

4. Grunnskólinn á Þórshöfn

- Skólanámskrá og starfsáætlun til staðfestingar. Borið upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.
- Lykiltölur í skólastarfi lagðar fram til kynningar. Veikindadögum starfsfólk hefur fækkað um 25% á milli ára.
- Skóladagatal lagt fram til kynningar
- Skýrsla skólastjóra



LANGANESBYGGÐ

Námsmats- og viðtalsdagar voru í maí. Nemendur eru almennt að styrkjast sem námsmenn og má t.d. nefna hækkandi útkomu úr samræmdum prófum.

Þorralblót gekk mjög vel og var einstaklega vel sótt.

Max, sem er hollenskur sjálfboðaliði kom í febrúar og verður fram í ágúst. Mjög góð viðbót við skólastarfið.

Samræmd próf í 9. og 10. bekk voru í febrúar. Lítið var um upplýsingar um framkvæmd og umgjörð prófsins og álag fyrir nemendur og kennara að komast í gegnum það. Töluverð óánægja í kringum þau og óljóst hvort þær einkunnir telji til inngöngu í framhaldsskóla. Skólapúlsinn – nemendakönnun var lögð fyrir í mars. Niðurstöður úr foreldrakönnun liggja fyrir.

Skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn var haldið í mars í samvinnu við Naust.

Opið hús var 16.mars þar sem öllum var boðið að koma og skoða breytingarnar sem hafa verið gerðar á skólahúsnæðinu. Vel sótt og skólanum fært málverk að gjöf.

Hollvinasamtökin gáfu peningagjöf og var m.a. keyptur sófi í andyri skólans.

Laugaskóli kom í heimsókn og kynnti námsframboðið. Stóra upplestrarkeppnin, ABC söfnun, Samfés ferð, skólahreysti.

Árshátíð er eftir tvo daga og allt á hvolfi í sambandi við það og N4 að koma í heimsókn á morgun! Nóg að gera.

Rætt um hvort bæta þurfi móðurmálskennslu í skólanum fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Næst á dagskrá eru starfsmannasamtöl. Útskriftarferð 9. og 10.bekkjara til Barcelóna í maí.

5. Tónlistarskólinn á Þórshöfn

Skýrsla skólastjóra

Veturinn hefur ekki verið vandamálalaus og framfarir nemenda verið undir væntingum.

Auglýst verður fyrir páska eftir tónlistarkennara um leið og auglýst verður eftir öðrum kennurum.

6. Önnur mál – fræðslunefnd eingöngu

- Drög að starfsáætlun næsta árs. Fyrstu drög rædd og ákveðið að vinna meira í henni fyrir næsta fund í samráði við skólastjórana.
- Brunabot.is – erindi

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18